

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 9. desember 2022

Mál nr. S-479/2022:

## Héraðssaksóknari

(Halldór Rósmundur Guðjónsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

## Gunnari Viðari Bjarnasyni

(Sveinn Jónatansson lögmaður)

### Dómur:

#### I

Mál þetta, sem dómtekið var 22. nóvember 2022, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af héraðssaksóknara með ákæru útgefinni 3. mars 2022 á hendur ákærða Gunnari Viðari Bjarnasyni, kt. 000000-0000, [...].

Málið er höfðað gegn ákærða fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins Spá ehf., kt. 000000-0000, nú þrotabú, rekstrarárið 2019, sem daglegur stjórnandi allt tímabilið, stjórnarmanni og prókúruhafi til 5. ágúst 2019 og prókúruhafi frá þeim degi, með því að hafa:

- Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum einkahlutafélagsins á lögmæltum tíma og eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimta bar í rekstri einkahlutafélagsins, vegna uppgjörstímabilanna mars-apríl, maí-júní og júlí-ágúst, rekstrarárið 2019, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 18.544.977, sem sundurliðast sem hér greinir:

2019		
mars-apríl	kr.	6.105.498
maí-júní	kr.	6.925.347
júlí-ágúst	kr.	5.514.132
	<b>kr.</b>	<b>18.544.977</b>

- Eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra

gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins, greiðslutímabilin júní til og með nóvember rekstrarárið 2019, samtals að fjárhæð kr. 17.524.914 sem sundurliðast sem hér greinir:

2019		
Júní	kr.	2.983.894
Júlí	kr.	3.370.123
ágúst	kr.	2.689.353
september	kr.	2.854.086
október	kr.	2.628.815
nóvember	kr.	2.998.643
	<b>kr.</b>	<b>17.524.914</b>

Framangreind brot ákærða samkvæmt 1. tölulið teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Upphaflega var einnig ákært fyrir peningabætti en undir rekstri málsins var fallið frá þeim ákærulið.

Ákærði krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi þar sem með saksókn gegn ákærða væri verið að lögsækja hann og refsa að nýju í sakamáli fyrir sama brot og hann hefði áður sætt viðurlögum fyrir. Með úrskurði dómsins 20. september 2022 var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Við aðalmeðferð málsins gerði verjandi ákærða einnig kröfu til þess að málinu yrði vísað frá dómi en á öðrum grunni þ.e. vegna þess að málið væri vanreifað og ekki rannsakað til fulls. Ákærða væri því ómögulegt að taka til fullnægjandi varna í málinu, sbr. síðar.

## II

### ***Málavextir:***

Skattrannsóknarstjóri tók til rannsóknar skil afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda og innheimts virðisaukaskatts hjá Spá ehf. en bú félagsins var tekið til gjaldprotaskipta 4.

mars 2020. Rannsóknin hófst formlega 24. nóvember 2020 með tilkynningu til skiptastjóra þrotabúsins um rannsókn á skilum Spár ehf. á afdreginni staðgreiðslu greiðslutímabilin júní til og með nóvember rekstrarárið 2019 og innheimtum virðisaukaskatti vegna uppgjörstímabilanna mars-apríl, maí-júní og júlí-ágúst rekstrarárið 2019.

Rannsóknin leiddi m.a. í ljós að af hálfu Spár ehf. hafði verið vanrækt að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs innan lögboðins frests fyrir greiðslutímabilin júní til og með nóvember rekstrarárið 2019. Þá hafði verið vanrækt að standa skil á innheimtum virðisaukaskatti til ríkissjóðs innan lögboðins frests fyrir uppgjörstímabilin mars-apríl, maí-júní og júlí-ágúst rekstrarárið 2019. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að vangoldin staðgreiðsla fyrir júní til og með nóvember 2019 væri samtals 18.282.729 krónur og vangoldinn virðisaukaskattur væri á sama tímabili 18.544.977 krónur. Var ákærða tilkynnt með bréfi dags. 26. janúar 2021 um þá niðurstöðu og að skattrannsóknarstjóri hefði vísað málinu til héraðssaksóknara. Niðurstaða rannsóknar héraðssaksóknara var sú að skilaskyld staðgreiðsla samkvæmt skilagreinum fyrir júní til og með nóvember 2019 væri 18.282.729 krónur en til frádráttar væri frádrægin staðgreiðsla vegna ákærða persónulega 757.815 krónur þannig að vangoldin staðgreiðsla væri 17.524.914 krónur. Þá væri vangoldinn virðisaukaskattur fyrir mars til og með ágúst 2019 18.544.977 krónur og ákært er fyrir þessar fjárhæðir.

Samkvæmt opinberri skráningu var ákærði stjórnarmaður og prókúruhafi Spár ehf. frá stofnun félagsins eða frá 16. desember 2004 til 7. ágúst 2019 en eftir það var hann prókúruhafi. Þá var hann framkvæmdastjóri félagsins frá stofnun til 23. desember 2009 en samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi var hann framkvæmdastjóri Spár ehf. allan þann tíma sem félagið starfaði.

Ákærði gaf skýrslu hjá héraðssaksóknara 2. desember 2020. Hann kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri Spár ehf. á því tímabili sem var til rannsóknar á árinu 2019. Hann hafi stýrt daglegum rekstri og fjármálum félagsins. Hann taldi að skilagreinar vegna staðgreiðslu, sem eru á meðal gagna málsins, gefi rétta mynd af launagreiðslum félagsins. Sundurliðanir hafi komið úr launaforriti sem Spá ehf. hafi notað en A hafi annast um launamál félagsins. Ákærði kvaðst lítið geta sagt til um meinta skuld félagsins á

staðgreiðslu 18.282.729 krónur en hann þyrfti að skoða það þar sem hann taldi sig hafa greitt einn eða tvo mánuði en hann taldi að fjárhæðirnar væru réttar. Ákærði sagði að ástæða þess að staðgreiðslunni hafi ekki verið skilað hafi verið langvarandi lausafjárskortur hjá fyrirtækinu. Ákærði sagði að það hafi verið hann sjálfur sem hafi tekið ákvörðun um að greiða ekki staðgreiðsluna en fjármunir til þess hafi ekki verið til.

Ákærði sagði að bókari hafi útbúið virðisaukaskattskýrslur og byggt þær á bókhaldi Spár ehf. Hann taldi að skýrslurnar gæfu rétta mynd af rekstri félagsins en þeim hafi ekki verið skilað á réttum tíma vegna veikinda bókarans og bókhaldið verið eftir á vegna þess. Ákærði hafði ekkert að segja um fjárhæð vangoldins virðisaukaskatts þ.e. 18.544.977 krónur en honum hafi ekki verið skilað vegna þess að félagið hafi skort lausafé. Ákærði kvaðst hafa stjórnað fjármálum Spár ehf. og því hafi það lent á honum að taka ákvörðun um að greiða ekki virðisaukaskattinn. Ákærði sagði að það hafi verið greiddar eldri skuldir í staðgreiðslu og virðisauka. Þá lýsti hann því að eitthvað af útgefnum sölureikningum Spár ehf. væru ógreiddir en hann vissi ekki um fjárhæðir í því sambandi.

### III

#### ***Framburður ákærða fyrir dómi:***

Ákærði kvaðst vera viðskiptafræðingur og hafa verið framkvæmdastjóri Spár ehf. frá upphafi en félagið hafi flutt inn vélar og þjónustað þær. Félagið hafi verið með um 15-20 starfsmenn en lent í vandræðum í efnahagshruninu 2008 og orðið gjaldþrota í mars 2020. Áður en það hafi orðið hafi félagið verið búið að semja við um 95% kröfuhafa þ.m.t. innheimtumann ríkissjóðs en ekki hafi náðst samningar við tvo lífeyrissjóði sem hafi keyrt félagið í gjaldþrot. Gengisbreytingar og dráttarvextir hafi farið illa með Spá ehf. og félagið hafi farið illa út úr fyrstu gengisdómunum. Ekki hafi verið um óráðsú að ræða í rekstri félagsins og eigendur þess hafi ekki tekið fjármuni út úr því heldur hafi þeir gert allt til að bjarga félaginu. Það hafi verið búið að semja við innheimtumann ríkissjóð og hann hafi ekki ætlað að keyra Spá ehf. í gjaldþrot ef skuldir félagsins við ríkissjóð myndu ekki aukast.

Ákærði sagði að Spá ehf. hafi verið í eigu félags sem eiginkona ákærða hafi átt og þá hafi hún sjálf og ákærði átt hluti í félaginu. Ákærði hafi verið stjórnandi félagsins allt þar til það hafi orðið gjaldþrota og hann haft aðgang að bankareikningum þess. Hann kvaðst

hafa tekið ákvarðanir um það hvað hafi verið greitt fyrir félagið og fjármunir sem hafi átt að fara í staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, sem ekki hafi verið greitt, hafi farið í að greiða annan kostnað. Ákærði sagði að skýrslum um virðisaukaskatt hafi ekki verið skilað á réttum tíma sökum þess að bókari félagsins hafi veikst en síðan hafi verið bætt úr því og skýrslurnar sendar inn. Ákærði sagði að skilagreinar um staðgreiðslu opinberra gjalda sem byggt væri á í málinu væru réttar og ef skýrslur um virðisaukaskatt, sem byggt væri á í málinu, væru grundvallaðar á bókhaldi Spár ehf. væru þær einnig réttar en hann gæti ekki fullyrt um það þar sem hann hefði ekki farið yfir skýrslurnar. Ákærði kvaðst hafa reynt að gefa fyrimæli um það til innheimtumanns ríkissjóðs inn á hvaða gjöld greiðslur sem félagið hafi innt af hendi til innheimtumanns ættu að fara en verið sagt að Spá ehf. gæti ekki stjórnað því eins og málum væri komið. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt allar reglur þar að lútandi.

#### IV

##### ***Kröfur og sjónarmið ákærða:***

Verjandi ákærða skilaði greinargerð og gerði eins og fram er komið aðallega þá kröfu að málinu yrði vísað frá dómi vegna þess að verið væri að sækja ákærða aftur til sakar og refsingar í sama máli. Þeirri kröfu var hafnað en við aðalmeðferð málsins gerði verjandi ákærða aðallega þá kröfu að málinu yrði vísað frá dómi en þá vegna þess að málið væri vanreifað og ekki rannsakað að fullu með þeim afleiðingum að ákærði gæti ekki tekið til fullnægjandi varna. Að því frágengnu gerir verjandi ákærða til vara þá kröfu að ákærði verði sýknaður af sakargiftum en til þrautavara, komi til sakfellingar, er krafist vægust refsingar sem lög frekast heimila. Þá er þess krafist í öllum tilvikum að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þ.m.t málsvarnarlaun verjandans samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Varðandi kröfu um frávísun málsins tók verjandi fram við munnlegan málflutning að í greinargerð hans hafi verið skorað á ákærvaldið að leggja fram tiltekin gögn en við því hafi ekki verið orðið nema að hluta til. Þá var tekið fram að hefði innborgunum Spár ehf. á opinber gjöld á árunum 2017-2019 verið ranglega ráðstafað myndi það hafa áhrif á niðurstöðu málsins en ráða mætti af gögnum málsins að vanskil á höfuðstól sem ákæra í málinu lýtur að hafi verið greidd alla vega að hluta til. Málið hafi því ekki verið rannsakað til fulls og það væri vanreifað af hálfu ákærvaldsins með þeim afleiðingum að ákærða væri ómögulegt að taka til fullnægjandi varna í málinu.

Í greinargerð verjandans kemur fram að ákærði byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að umtalsverðar greiðslur hafi verið greiddar til innheimtumanns ríkissjóðs á því tímabili sem rannsóknargögn taki til þ.e. frá júní 2019 til nóvember 2020. Ákærði telur að þeim greiðslum hafi ekki verið ráðstafað í samræmi við reglur fjármála- og efnahagsráðuneytisins nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda. Hafi reglurnar verið í svipuðu horfi frá árinu 1995. Telur ákærði að 4.864.373 krónur hafi verið ráðstafað í andstöðu við nefndar reglur og hann hafi ástæðu til að ætla að greiðslum hafi um langt skeið verið ráðstafað með þeim hætti. Ákærði telur að fyrir liggi gögn sem lækki verulega fjárhæðir þeirra brota sem ákært er vegna en það hafi veruleg áhrif á refsinaemi verknaðar ákærða. Þá tekur ákærði fram að vanskil á vöxtum og refsialagi teljist ekki til refsiverða vanskila heldur aðeins höfuðstóll þeirrar fjárhæðar sem skila beri til innheimtumanns ríkissjóðs. Í öðru lagi byggir ákærði sýknukröfuna á því að þær aðstæður sem rekja megi hin meintu brot til valdi því að sýkna beri ákærða. Þar á ákærði við hið fordæmalaus hrun í íslensku efnahagslífi sem hafi haft gríðarleg áhrif á félög eins og Spá ehf. Þá teljist ákærði ekki til hinna svonefndu kennitölflakkara þar sem hann hafi reynt allt sem hann hafi getað til að koma rekstri Spár ehf. á réttan kjöl.

Komi til sakfellingar telur ákærði að rétt sé að fella sektir niður eða lækka þær verulega vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru í málinu og þar sem ákærði eigi sér miklar málsbætur.

## V

### **Niðurstaða:**

Ákærði krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi vegna þess að það sé vanreifað og ekki fullrannsakað sem hafi haft þær afleiðingar að ákærði hafi ekki getað tekið til fullnægjandi varna í málinu.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal ákærandi þegar hann hefur fengið gögn máls í hendur ganga úr skugga um hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef ákærandi telur það sem fram er komið ekki nægilegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi. Þetta mat ákærandanda endurskoðar dómurinn ekki en sé rannsókn máls áfátt getur það haft áhrif hvað varðar sekt eða sýknu ákærða. Í 1. mgr. 152. gr. laganna er tilgreint hvað fram skuli koma

í ákæru og ekki verður annað séð en ákæra í máli þessu uppfylli skilyrði laganna hvað það varðar. Í ákæru kemur skýrlega fram hverjar sakargiftir eru og af rannsóknargögnum málsins má ráða hvernig ákæruvaldið hefur dregið þær ályktanir sem leiddu til ákæru og þar koma fram. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að vörn ákærða hafi verið ábótavant sökum þess hvernig ákæran er úr garði gerð. Kröfu ákærða um frávísun málsins frá dómi er því hafnað.

EKKI er tölulegur ágreiningur í málinu enda byggja fjárhæðir í ákæru á gögnum sem stafa frá Spá ehf. og ákærði véfengdi ekki fyrir dómi að þau væru rétt.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins var skýrslum um virðisaukaskatt Spár ehf. fyrir tímabilin mars til apríl, maí til júní og júlí til ágúst 2019 öllum skilað 8. janúar 2020 en eindagi skila á skýrslunum og virðisaukaskattsins var í júní, ágúst og október 2019. Virðisaukaskattur sem standa skyldi skil á samkvæmt skýrslunum var samtals 18.544.977 krónur og hann var því ekki greiddur á réttum tíma þ.e. á eindaga. Þegar skýrslunum var ekki skilað á réttum tíma og skatturinn ekki greiddur á eindaga var brot ákærða á lögum um virðisaukaskatt fullframið. Engin gögn liggja fyrir um það að skattur þessi hafi verið greiddur á réttum tíma.

Skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir júní til nóvember 2019 var skilað innan tilskilins frests en greiðslur samkvæmt skilagreininum voru ekki inntar af hendi innan lögboðins frests. Að teknu tilliti til staðgreiðslu af launum fyrrum forsvarsmanns Spár ehf. var um að ræða 17.524.914 krónur og er það sú fjárhæð sem ákært er vegna. Þegar staðgreiðslan var ekki innt af hendi á eindaga í kjölfar þess að skilagreinum var skilað var brot ákærða á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda fullframið. Ekkert er komið fram um það að staðgreiðsla þessi hafi verið greidd á réttum tíma.

Í greinargerð setti verjandi ákærða fram þá áskorun að ákæruvaldið myndi leggja fram yfirlit um greiðslur Spár ehf. til innheimtumanns ríkissjóðs og um ráðstöfun þeirra vegna tímabilsins frá 1. janúar 2010 til 6. júní 2019. Í málinu er ákært fyrir að standa ekki skil á skýrslum vegna virðisaukaskatts og standa ekki skil á skatti sem bar að innheimta samkvæmt þeim fyrir tímabilið mars til ágúst 2019 og fyrir að standa ekki skil á staðgreiðslu fyrir júní til nóvember sama ár. Virðisaukaskattur fyrir mars-apríl 2019 var

ekki á gjalddaga fyrr en 5. júní sama ár og staðgreiðsla fyrir júní 2019 var ekki á gjalddaga fyrr en 15. júlí sama ár. Því verður að telja að greiðslur sem Spá ehf. innti af hendi til innheimtumanns ríkissjóðs fyrir nefndar dagsetningar hafi ekki getað gengið upp í kröfur með gjalddaga eftir að greiðslurnar voru inntar af hendi enda lá þá ekki fyrir hverjar fjárhæðirnar voru sem standa skyldi skil á. Þá verður og að hafa hér í huga að öllum skýrslum um virðisaukaskatt fyrir þau tímabil sem ákært er vegna var skilað til skattýfirvalda 8. janúar 2020 og því var ekki hægt að innheimta virðisaukaskatt á grundvelli skýrslanna fyrr en í fyrsta lagi þá. Með hliðsjón af þessu og því tímamarki þegar brot ákærða voru fullframin, sbr. framanritað, verður að telja að það hefði enga þýðingu haft við rannsókn málsins að leggja fram þau gögn sem áskorun verjanda laut að umfram þau gögn sem ákæruvaldið lagði fram í tilefni af áskoruninni.

Það leiðir af eðli máls og er í samræmi við lög að skattgreiðslur gangi fyrst upp í eldri skuldir, en álag og dráttarvextir eru lögbundnar greiðslur, sem ber að greiða eftir ákveðnum reglum, og verða hluti viðeigandi skattskuldar. Ekki verður annað ráðið af rannsóknargögnum málsins en ávallt hafi verið til staðar eldri skuld við innheimtumann ríkissjóðs þegar Spá ehf. innti af hendi greiðslur inn á opinber gjöld í aðdraganda gjaldþrots félagsins. Einnig af þeirri ástæðu gátu greiðslur sem Spá ehf. innti af hendi til innheimtumanns ríkissjóðs ekki gengið til greiðslu á þeim sköttum sem ákæra málsins lýtur að. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að greiðslum Spár ehf. til innheimtumanns ríkissjóðs hafi verið ráðstafað í andstöðu við reglur nr. 797/2016. Í öllu falli getur ráðstöfun þeirra ekki haft áhrif á refsinemi verknaðar ákærða sem lýst er í ákæru.

Stjórnarmenn einkahlutafélaga bera almennt ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjórar einkahlutafélaga bera einnig ábyrgð samkvæmt tilvitnaðri lagagrein. Framkvæmdastjóri skal m.a. annast daglegan rekstur og sjá til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Ákærði var framkvæmdastjóri Spár ehf. allt þar til félagið varð gjaldþrota og er það í samræmi við framburð hans fyrir dóminum. Hann viðurkenndi einnig að hafa tekið ákvarðanir um að virðisaukaskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda

félagsins var ekki greitt. Ákærði var því ábyrgur fyrir gagnaskilum til skattfirvalda vegna Spár ehf. og fyrir því að skattar og gjöld félagsins væri greitt á réttu tímamarki en þannig var málum ekki háttáð eins og rakið hefur verið.

Ákærði telur að það eigi einnig að sýkna hann vegna þeirra aðstæðna sem hin meintu brot eigi rætur sínar að rekja til. Hvað það varðar vitnar hann til hruns í íslensku efnahagslífi sem hafi haft gríðarleg áhrif á rekstur Spár ehf. Þá sé ákærði ekki í þeim hópi sem kallist „kennitölufلاكkarar“ en ákærði hafi eftir að erfiðleikar hafi komið upp í rekstri Spár ehf. reynt eftir fremsta megni að koma félaginu aftur á réttan kjöl. Hafi félagið m.a. greitt verulegar fjárhæðir á því tímabili sem gögn málsins ná til og gert samkomulag við innheimtumann ríkissjóðs um greiðslu skulda. Eins og fram er komið hvílir m.a. sú skylda á framkvæmdastjóra einkahlutafélags og eftir atvikum stjórnarmönnum að sjá til þess að skattskilum þess sé hagað í samræmi við það sem lög áskilja. Erfiðleikar í rekstri félags, sem ákærði lýsti m.a. fyrir dómi, breyta ekki þeirri skyldu né heldur fjárskortur félagsins þó hann hafi verið raunverulegur.

Eins og rakið hefur verið var ákærði í forsvari fyrir Spá ehf. á árinu 2019 og honum bar því að skila skýrslum um virðisaukaskatt og skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið á réttum tíma og sjá til þess að virðisaukaskattur og staðgreiðsla væri greitt í samræmi við innsend gögn. Skýrslum um virðisaukaskatt fyrir mars til ágúst 2019 eða fyrir þrjú tímabil var skilað of seint og þar með var skattur samkvæmt skilagreinunum ekki greiddur á réttum tíma. Skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda Spár ehf. fyrir júní til nóvember 2019 var skilað innan tilskilins frests en staðgreiðsla samkvæmt þeim var ekki greidd á tilskildum tíma. Með því að skila ekki skýrslum um virðisaukaskatt né greiða skatt samkvæmt þeim né staðgreiðslu opinberra gjalda á réttum tíma gerðist ákærði sekur um alvarlegt hirðuleysi. Þá lýtur brot ákærða að töluverðum fjárhæðum. Í slíkum tilfellum hefur verið litið svo á að brot viðkomandi varði við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða varðar því við tilvitnað ákvæði.

Með lögum nr. 29/2021, sem tóku gildi 1. maí 2021, voru gerðar breytingar á lögum er varðar rannsókn og saksókn skattalagabrota og í kjölfar þeirra setti ríkissaksóknari fyrirmæli nr. 6/2011. Tekið skal fram að þessi lagabreyting hefur ekki þýðingu í máli

Þessu enda breytti hún engu um refsinámi þeirra brota sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir eða lögbundin viðurlög við þeim.

Með vísan til ofanritaðs og með hliðsjón af rannsóknargögnum málsins telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða. Ákærði hefur því gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu en ákvörðun um refsingu gegn honum var frestað skilorðsbundið árið 2012 fyrir skilasvik. Í málum sem þessum er venja fyrir því að gera sakborningi refsingu bæði í formi fangelsisvistar og sektar. Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af atvikum málsins og réttarframkvæmd þykir hæfilegt að ákærða verið gert að sæta fangelsi í sjö mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu á þessum hluta refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákæruvaldið telur rétt að við ákvörðun sektar verði tekið tillit til þess að höfuðstóll staðgreiðslu fyrir júní 2019 sé nær greiddur að fullu þannig að sekt fyrir það tímabil verði ákveðin 10% af skattskyldri fjárhæð. Þykir rétt að fallast á þetta sjónarmið. Að teknu tilliti til þessa þykir sekt ákærða að öðru leyti hæfilega ákveðin sem því næst tvöföld sú skattfjárhæð sem undan var dregin. Ákærði greiði því sekt til ríkissjóð að fjárhæð 66.500.000 krónur og greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja skal ákærði sæta fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Jónatanssonar lögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 2.511.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaunin taka einnig til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Halldór Rósmundur Guðjónsson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Gunnar Viðar Bjarnason, sæti fangelsi í sjö mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sekt til ríkissjóðs 66.500.000 krónur innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Jónatanssonar lögmanns, 2.511.000 krónur.

Ingi Tryggvason